




# VISTVÆNN ATVINNUKJARNI Í LANDI BLIKASTAÐA

Viststefna



Maí 2020



<b>Verknúmer:</b> 08100002	<b>SKÝRSLA NR.:</b>	<b>DREIFING:</b> <input checked="" type="checkbox"/> OPIN <input type="checkbox"/> LOKUÐ TIL <input type="checkbox"/> HÁÐ LEYFI VERKKAUPA
	<b>ÚTGÁFU NR.:</b>	
	<b>DAGS.:</b> 2020-05-28	
	<b>BLAÐSÍÐUR:</b>	
	<b>UPPLAG:</b> 1	

<b>HEITI SKÝRSLU:</b> Viststefna – Ecological strategy
---

<b>HÖFUNDAR:</b> Haukur Þór Haraldsson Arnór Þórir Sigfússon	<b>VERKEFNISSTJÓRI:</b> Haukur Þór Haraldsson
--	--

<b>UNNIÐ FYRIR:</b> Reiti <b>UMSJÓN:</b> Íris Þórarinsdóttir	<b>SAMSTARFSADILAR:</b>
---	-------------------------

<b>GERÐ SKÝRSLU/VERKSTIG:</b>
-------------------------------

<b>ÚTDRÁTTUR:</b> Blikastaðaland er í dag opið svæði og óbyggt. Framræstar mýrar eru áberandi og merki um landbúnað og trjárækt frá fyrri tíð. Til stendur að á svæðinu rísi atvinnukjarni þar sem gert er ráð fyrir þjónustu og þrífalegri atvinnustarfssemi. Í þessu skjali kemur fram stefnumörkun og markmiðasetning sett fram til að tryggja eins og kostur er að gætt sé að náttúrulegum búsvæðum og/eða að dregið sé úr neikvæðum áhrifum. Ennfremur að stuðlað sé að mótvægisáðgerðum og endurheimt búsvæða þar sem það er hægt.
--

<b>LYKILORÐ ÍSLENSK:</b> Vistvænt, atvinnukjarni, Blikastaðir, náttúrufar.	<b>LYKILORÐ ENSK:</b>
---	-----------------------

<b>UNDIRSKRIFT VERKEFNISSTJÓRA:</b> 	<b>YFIRFARIÐ AF:</b> ATS
---	-----------------------------



## Efnisyfirlit

Efnisyfirlit .....	ii
Myndaskrá .....	ii
<b>1 Viststefna .....</b>	<b>1</b>
<b>2 Umhverfismat áætlana .....</b>	<b>1</b>
<b>3 Samráð við hagsmunaaðila.....</b>	<b>1</b>
<b>4 Staða þekkingar .....</b>	<b>2</b>
4.1 Vöktun breytinga .....	2
<b>5 Náttúrufar í Blikastaðalandi .....</b>	<b>2</b>
5.1 Dýralíf .....	3
5.2 Gróðurfar .....	3
5.3 Úlfarsá .....	3
<b>6 Verndarsvæði .....</b>	<b>4</b>
<b>7 Mótvægis- og verndaraðgerðir .....</b>	<b>4</b>
7.1 Umgengisreglur .....	4
7.2 Mengunarvarnir á byggingartíma.....	4
7.3 Náttúrulegur vatnabúskapur .....	4
7.4 Ráðstafanir til að auðga lífríki svæðisins .....	5
7.5 Kolefnisjöfnun og endurheimt búsvæða .....	5
<b>8 Sjálfbærni .....</b>	<b>5</b>

## Myndaskrá

Mynd 1 Horft yfir skipulagssvæðið úr vestri. ....	3
---	---



## 1 Viststefna

Markmið með viststefnu er að tryggja eins og kostur er að gætt sé að náttúrulegum búsvæðum og/eða að dregið sé úr neikvæðum áhrifum. Ennfremur að stuðlað sé að mótvægisáðgerðum og endurheimt búsvæða þar sem það er hægt. Með áætluninni er mætt kröfum *LEO1 – Ecology strategy* í Breeam community staðli.<sup>1</sup>

## 2 Umhverfismat áætlana

Skipulagsáætlunir sem líklegt er að hafi í för með sér veruleg áhrif á umhverfið eru háðar umhverfismati, skv. lögum.<sup>2</sup> Markmið laganna er að stuðla að sjálfbærri þróun og að dregið sé úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Ennfremur að stuðlað að því að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við áætlanagerð.

Vinna er í gangi við mat á umhverfaþáttum. Eftirtaldir umhverfiþættir verða metnir og þeim gerð skil skv. leiðbeiningum Skipulagsstofnunar og skilað með deiliskipulagsáætlun:

- hljóðvist
- ásýnd
- starfsemi og samfélag
- umferð
- náttúruvá
- mengunarhætta
- heilsa og öryggi.

## 3 Samráð við hagsmunaaðila

Skipulags- og matslýsing fyrir verslunar og athafnarsvæði á Blikastaðalandi var gefin út í ágúst 2019.<sup>3</sup> Þar kemur fram að meðal markmiða við deiliskipulagsgerðina er að haga skipulagi gatna, lóða, húsa og annarra mannvirkja þannig að þau raski sem minnst aðliggjandi náttúru og lífríki og að hafa sjálfbærni að leiðarljósi við útfærslu skipulags og bygginga þannig að hin nýja byggð verði jákvæð viðbót við núverandi umhverfi, samfélag og efnahag. Skipulags- og matslýsing var lögð fram til umsagnar fyrir hagsmunaaðila.

Þegar mat á umhverfisþáttum liggur fyrir verður það kynnt fyrir skipulagsnefnd og öðrum hagsmunaaðilum. Óskað verður umsagna. Er deiliskipulagstillaga hefur verið afgreidd frá skipulagsnefnd verður hún kynnt almenningi sbr. gr. 5.6.1 í skipulagsreglugerðar.

<sup>1</sup> BREEAM communities manual. Sótt 27.11.2019 á:

[https://www.breeam.com/communitiesmanual/content/resources/otherformats/output/bre\\_printoutput/breeam\\_communities.pdf](https://www.breeam.com/communitiesmanual/content/resources/otherformats/output/bre_printoutput/breeam_communities.pdf)

<sup>2</sup> Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006

<sup>3</sup> Verslunar- og athafnarsvæði í Blikastaðalandi. Skipulags- og matslýsing fyrir nýtt deiliskipulag. Dags. 15.08.2019.



Búið er að skipuleggja samráð við hagsmunaaðila svo tryggt sé að samráð uppfylli settar kröfur í deiliskipulagsferli sem og Breeam staðal.<sup>4</sup>

## 4 Staða þekkingar

Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar sýnir útbreiðslu samtals 105 vistgerða á landi, í ferskvatni og fjöru. Ennfremur alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði. Hægt er að skoða Blikastaðaland á vistgerðakorti.<sup>5</sup> Gróðurfari og fuglalífi svæðisins hefur verið lýst, einkum í tilefni af framkvæmdum á svæðinu. Síðasta útgefna lýsing á náttúrufari er dagsett árið 2000.<sup>6</sup> Reglulegar talningar á fuglum voru gerðar fyrir síðustu aldamót. Ekki hafa farið fram vetrarfuglatalningar á svæðinu.

Úlfarsá hefur verið talsvert rannsökuð. Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis birti skýrslu um ástand árinna og mengunarþætti árið 2003.<sup>7</sup> Náttúrulegt og raunverulegt ástand Úlfarsár var metið og áin flokkuð í mengunarflokk í samræmi við þá nýútgefna samevrópskar reglur.<sup>8</sup> Botndýr voru skoðuð að tilstuðlan Borgarverkfræðings 1999.<sup>9</sup> Mælingar hafa verið gerðar á næringarefnum í Úlfarsá til að leggja mat á ljóstillífun en niðurstöður hafa ekki verið birtar.<sup>10</sup> Vel er fylgst með viðgangi laxastofnsins í ánni og uppgöngur vaktaðar og árleg seiðatalning.<sup>11</sup>

### 4.1 Vöktun breytinga

Samkvæmt áætlun hefur staðið til að endurtaka þær rannsóknir sem lýst er í skýrslunni Flokkun vatna en í þeirri rannsókn var bæði lífríki og efnafræðilegt ástanda skoðað. Verkefnið markaði upphaf þess sem átti að verða regluleg vöktun, skortur á fjármagni hefur hins vegar staðið í vegi fyrir áformuðum endurtekningum. Í reglugerð um varnir gegn mengun vatns (8. gr.) kemur fram að heilbrigðisnefndir eigi að setja ám langtímamarkið sem á að endurspeglast í skipulagsuppráttum. Ein ber þeim að gera aðgerðaráætlun í samvinnu við sveitarfélög ef vatni hrakar.<sup>12</sup> Þá eru einnig komin út lög um stjórn vatnamála þar sem Umhverfisstofnun er falið að vera samræmandi aðili í samvinnu við fagnefndir og vatnasvæðanefndir um verndun vatns.<sup>13</sup>

Árlega er lagt mat á uppgöngu seiða í ána. Það er Hafrannsóknastofnun sem annast þá vöktun í umboði veiðifélags árinna. Vöktunin gefur góða mynd af viðgangi fiskistofna í ánni og þar með ástand.

Áhrif á ána vegna framkvæmda í Blikastaðalandi er mjög erfitt að sýna frammá með rannsókn. Það verður því ekki ráðist í sérstakar vöktunaraðgerðir að svo stöddu vegna framkvæmdarinnar.

## 5 Náttúrufar í Blikastaðalandi

Skipulagssvæðið sjálft er raskað og eru framræst tún einkennandi. Svæðið er gróið að mestu. Svæðið liggur að Úlfarsá en lóðarmörk lands Reita eru 50 metra frá miðjum árfarveginum. Lax er í ánni, lífríki

<sup>4</sup> Minnisblað um samráðsáætlun og Breeam communities. Unnið af Alta 2019.

<sup>5</sup> Vistgerðakort Náttúrufræðistofnunar. <http://vistgerdakort.ni.is/>

<sup>6</sup> Kristbjörn Egilsson, 2000. Gróðurfar og fuglalíf við Úlfarsá. Unnið fyrir Almennu verkfræðistofuna hf. NÍ-00015.

<sup>7</sup> Tryggvi Þórðarson (2003). Flokkun vatna á Kjósarsvæði. Úlfarsá. Rannsókn- og fræðasetur Háskóla Íslands í Hveragerði, Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis.

<sup>8</sup> Reglugerð nr. 796/199 um varnir gegn mengun vatns

<sup>9</sup> Jón S. Ólafsson ofl. 2001. Botndýr í Úlfarsá: Könnun í maí 1999. Líffræðistofnun Háskólans, fjölrit 54, 2001.

<sup>10</sup> Eydís Salóme Eiríksdóttir, óbirt gögn

<sup>11</sup> Vöktun veiðiaá. Sótt 25. nóv. 2019 af: <https://www.hafogvatn.is/is/rannsoknir/voktun-veidiaa/ar-og-eldi>

<sup>12</sup> <https://www.reglugerdir.is/reglugerdir/eftir-raduneytum/umhverfisraduneyti/nr/4482>

<sup>13</sup> <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2011036.html>

og gróðurfar meðfram henni er auðugt og fuglalíf er fjölbreytt. Gróður og lífríki túnanna einkennist ber merki landbúnaðar og framræsingar fyrri tíma og hefur sem slíkt ekki mikið verndargildi. Svæðið mun að mestu fara undir byggð. Áin hefur hinsvegar mikið verndargildi og allt kapp verður lagt á að hlífa henni sem skyldi.



Mynd 1 Horft yfir skipulagssvæðið úr vestri.

## 5.1 Dýralíf

Mikið fuglalíf er á vatnasvæði Úlfarsár. Fuglar voru taldir í tengslum við framkvæmdir árið 2000 og eru það bestu upplýsingar sem til eru. Skráðar voru 45 tegundir fugla á svæðinu vestan Vesturlandsvegar, allt frá Úlfarsfelli að sjó. Fram kemur að gengið hafi verið á búsvæði meðfram ánni og að mófuglar séu á undanhaldi.<sup>14</sup> Aukin byggð mun þrengja enn fremur að búsvæðum fugla.

## 5.2 Gróðurfar

Á Úlfarsásvæðinu neðan Vesturlandsvegar að sjó hafa verið skráðar 127 tegundir háplantna.<sup>15</sup> Skipulagssvæðið er opið svæði með yfirbragði ræktarlands þar sem eru tún og skurðir. Hríslur og gisinn trjágróður er á víð og dreif. Yfirborð landsins og næsta nágrennis ber merki um landbúnað. Þessi gróður mun að stærstum hluta hverfa undir byggð.

## 5.3 Úlfarsá

Lax er í ánni, lífríki og gróðurfar meðfram henni er auðugt og fuglalíf er fjölbreytt. Rannsóknir sem gerðar voru árið 2001 sýndu að vatnið megi flokka sem ómengað. Vatnið var skilgrein ósnortið til lítt snortið. Niðurstöður sýndu þó ögn hækkuð gildi (frá náttúrulegu ástandi) fyrir saurkólí bakteríur og málmana Ni og Pb. Ammóníak ( $\text{NH}_4\text{-N}$ ) og heildar lífrænt efni (TOC). Þessir þættir benda til áhrifa frá

<sup>14</sup> Kristbjörn Egilsson, 2000. Gróðurfar og fuglalíf við Úlfarsá. Unnið fyrir Almennu verkfræðistofuna hf. NÍ-00015.

<sup>15</sup> Kristbjörn Egilsson (2000). Gróðurfar og fuglalíf við Úlfarsá. Unnið fyrir Almennu verkfræðistofuna.



mannlegum umsvifum og landbúnaði. Seinni tíma mælingar á næringarefnum sýna mögulega aukningu í næringarefnum sem hugsanlega má rekja til iðnaðar á svæðinu.

Á undanförunum 20 árum hafa orðið miklar breytingar á vatnasviðinu, t.d. hefur byggð risið í hlíðum Úlfarsfells auk þess sem verslun og iðnaður hefur aukist.

Áhrif framkvæmda á lífríki árinna eru metin af fyrirbyggjandi gögnum.

## 6 Verndarsvæði

Frá árinu 1984 hefur Úlfarsá frá upptökum í Hafravatni til ósa í Blikastaðakró ásamt 200 m breiðum bakka beggja megin árinna verið á Náttúruminjaskrá.<sup>16</sup> Auk þess er fjallað um Úlfarsárdal í aðalskipulagi Reykjavíkur sem friðland og útivistarsvæði. Önnur verndarsvæði er ekki að finna á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.

## 7 Mótvægis- og verndaraðgerðir

Allt kapp verður lagt á að hlífa Úlfarsá við mengun vegna framkvæmda. Markmiðið verður að áin fái að halda sínum náttúrulegu einkennum. Bakkar árinna verða látnir óhreyfðir og þeir varðveittir í sínu náttúrulega ástandi. Það verða 100 metrar frá árbakka í þau hús sem næst standa bakkanum í stað 50 metra eins og skipulagsskilmálar heimila. Í skoðun er hvort kostur sé að leggja göngustíg meðfram ánni með það fyrir augum að stýra umferð og draga úr álagi á viðkvæm svæði. Stígur er á núgildandi skipulagi. Ekki verði þrengt að Úlfarsá þar sem hún rennur náttúrulega og flæðir yfir bakka sína.

### 7.1 Umgengnisreglur

Ráðstafanir verða gerðar svo afrennsli yfirborðsvatns frá götum, sem getur verið mengað af olíu og eiturefnum og áburði komist ekki óhreinsað út í Úlfarsá eða hafi áhrif á villtan gróður. Þetta verður m.a gert með umgengnisreglum og skilmálum þegar rekstur hefst á svæðinu. Skorður verða settar við notkun mengandi efna s.s. zinks. Gerðar verða kröfur um hreinsun ofanvatns frá allri starfsemi til að draga úr hættu á mengun. Hljóðvist er til skoðunar m.a. með það fyrir augum að draga úr álagi á viðkvæm svæði. Umferð akandi farartækja verður takmörkuð með það fyrir augum að draga úr mengun og álagi og bæta umhverfi almennt. Vistvænar aðferðir við orkuöflun, dreifingu og nýtingu eru í skoðun og verða innleiddar eins og hægt er.

### 7.2 Mengunarvarnir á byggingartíma

Á byggingartíma verða gerðar kröfur um ráðstafanir til að minnka hættu á foki af lóðum og rusli í ána.

### 7.3 Náttúrulegur vatnabúskapur

Við deiliskipulag og hönnun mannvirkja hefur umhverfisvernd, t.d. náttúrulegur vatnsbúskapur verið hafður að leiðarljósi. Stuðst er við svokallaðar blágrænar regnvatnslausnir og með því er dregið úr röskun á náttúrulegri hringrás vatns. Ofanvatn er leitt um gegndræp bílastæði, garða og græn þök. Vatnið hripar niður í jarðveginn og finnur sér að lokum leið út í árfarveginn. Þessi aðferð bætir hreinsun

<sup>16</sup> Náttúruverndarráð 1984 og 1996



ofanvatns og dregur úr öfgafullum sveiflum í vatnsmagni. Yfirborðsvatn sem rennur af svæðinu er leitt í gegnum settjörn svo tryggt sé að agnir setjist til en endi ekki í ánni.

#### 7.4 Ráðstafanir til að auðga lífríki svæðisins

Ofanvanvatn verður leitt um svæðið á yfirborði. Lækir sem renna um svæðið og í útjaðri með tilheyrandi gróðri mun laða að sér fugla- og smádýralíf. Tré og runnagróður fær mikið vægi í nýju deiliskipulagi. Almenn verði lögð áhersla á villtan og náttúrulegan gróður. Með þessu eru lögð drög að verndun náttúrulegs vatnsfars á svæðinu sem og endurheimt búsvæða með jákvæðum áhrifum á lífríki.

Græn þök og grænar hellur í bílastæðum gera það að um 80% svæðisins verður áfram gróðri vaxið á yfirborði. Gróðursett verða tæplega 400 tré sem eiga sér náttúrulegan uppruna á Íslandi. Vatn verður leitt eftir yfirborði með tilheyrandi lækjar lífríki. Neðan byggðar, ofan Úlfarsár mun verða talsverður votlendisfláki. Með þessum aðgerðum er talið að um nettó aukningu verði að ræða hvað varðar fjölbreytni í lífríki svæðisins.

#### 7.5 Kolefnisjöfnun og endurheimt búsvæða

Þeim gróðri sem fyrir er á framkvæmdasvæðinu verður ekki hlíft sérstaklega. Það verður hinsvegar lagt mat á kolefnislosun vegna gróðureyðingar og jarðvegsflutninga og skoðaðar leiðir til að kolefnisjafna framkvæmdina með gróðursetningu og/eða endurheimt votlendis. Með endurheimt votlendis er ennfremur lagður grunnur að endurheimt búsvæða fyrir gróður og fuglalíf sem mun tapast við framkvæmdina.

### 8 Sjálfbærni

Það er mat undirritaðs að með þeim mótvægis og verndaraðgerðum sem unnið er að sé grunnur lagður að sjálfbæru verkefni. Sjálfbærni hvílir á þremur stoðum; að verkefnið standi undir sér efnahagslega, að það hafi félagslegan ávinning í för með sér og að vistfræðilegum þáttum sé ekki ógnað. Með tilkomu athafnasvæðis á Blikastaðum verður komið á laggirnar samfélagi fyrirtækja á höfuðborgarsvæðinu. Það er skortur og áhugi á þessum valkosti. Fyrirtækin munu hvert um sig njóta góðs af samfélaginu sem þar verður til og margvíslegar ráðstafanir verða gerðar til að efla samstarf þeirra á milli m.a. til að draga úr hverskyns sóun sem og til að vakta árangur. Það er okkar mat að verkefnið muni ekki ganga á mikilvæg búsvæði eða sjálfbærni svæðisins.